

Föstudaginn 5. október 1984.

Nr.164/1984. **Sigurður Gunnarsson**

gegn

Jóni Eiríkssyni og**Eiríki Jónssyni**

Kærumál. Áskorunarmál. Frávísunaráritun staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 14. gr. laga nr. 97/1978, skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 14. ágúst 1984, sem barst Hæstarétti 6. f.m. Krefst hann þess, að ákvörðun héraðsdómara um frávísun málsins verði felld úr gildi og lagt verði fyrir hann að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Mál þetta höfðaði sóknaraðili á bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál með stefnu 29. mars 1984, birtri 14. apríl s.á., til heimtu skuldar samkvæmt tveimur víxlum með gjalddögum 10. janúar og 10. febrúar 1984, að fjárhæð samtals 13.600.00 krónur, auk vaxta og málskostnaðar.

Er málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 26. apríl 1984, var ekki sótt þing af hálfu stefndu, og var málið tekið til úrlausnar. Málið var síðan endurupptekið 17. maí s.á. til að gefa sóknaraðilja kost á að gera frekari grein fyrir málatilbúnaði sínum. Í skriflegri sókn, sem var lögð fram 14. júní sl., var gerð grein fyrir því, að í stefnu hefði sú misritun orðið, að útgáfudagur víxlanna væri sagður 14. september 1984 í stað 14. september 1983, svo sem ritað væri á víxlana. Var þess óskað, að þetta yrði leiðrétt með vísan til 1. og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 97/1978 um áskorunarmál.

Hinn 7. júlí sl. var málinu vísað frá bæjarþinginu með svofeldri áritun Drífu Pálsdóttur fulltrúa yfirborgardómara á stefnuna:

„Í máli þessu hefur stefnandi lagt fram tvo víxla, sem eru í samræmi við lýsingu þeirra í stefnu, að öðru leyti en því að víxlarnir bera báðir með sér útgáfudaginn 14. september 1983, en ekki 14.

september 1984. Stefnandi hefur lagt fram sókn, dskj. nr. 6, þar sem hann lýsir yfir því að ranglýsing í stefnu á útgáfudegi hinna framlögðu víxla hafi verið ritvilla og krefst leiðréttingar, með vísan til 1. og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 97/1978.

Mál þetta er höfðað sem víxilmál. Þar sem víxlar eru formskjöl er brýnt að þeim sé rétt lýst í stefnu í einu og öllu. Ennfremur ber á það að líta, að eins og málið snýr við stefndu, er það höfðað til greiðslu ógildra víxla, með gjalddaga á undan útgáfudegi. Þykir því leiðrétting á stefnu skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 97/1978 ekki eiga við í máli þessu. Með skírskotun til framanritaðs ber að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Máli þessu er án kröfu vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.“

Með vísan til þess, sem segir í áritun þessari, ber að staðfesta hina kærðu dómsathöfn.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hin kærða frávísunaráritun er staðfest.

Föstudaginn 5. október 1984.

Nr. 150/1984. **Hulda R. Magnúsdóttir**

gegn

Ólafi Hrólfssyni.

Kærumál. Skipti. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 2. tölulið 1. mgr. 21. gr. laga nr. 73/1975 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18.